

MIÐL2MT05

Búið til: Wed, 02 Mar 2022 10:44:48 GMT

Titill

Miðlun og tækni

Skammstöfun

MIÐL2MT05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Miðlun og tækni

Viðfangsefni

Miðlun og tækni

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur kynnist miðlun og tækni ásamt skipulagi og stjórnun smærri viðburða. Farið er yfir hæfnipætti sem liggja að baki viðburðum og útsendingum. Fengist er við handritagerð, höfundarrétt og persónuverndarlög ásamt handritagerð fyrir hljóð- og myndefni. Einnig er farið yfir grunn í raddbeitingu og líkamstjáningu. Farið er yfir myndbyggingu, liti, sjónarhorn, lýsingu og listræna tjáningu myndefnis ásamt því að spreyta sig á notkun tækja og búnaðar til framleiðslu efnisins.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Yfirferð efnis með tilliti til höfundaréttar og persónuverndarlaga
- Gerð einfaldra handrita fyrir hljóðupptökur og myndskaið
- Beitingu góðrar myndbyggingar, lýsingar og lita
- Skipulagi smærri viðburða
- Raddbeitingu og líkamstjáningu
- Hljóði og mynd í upptökum
- Tæknibúnaði við gerð efnis
- Opinberri birtingu efnis og að streyma efni

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Yfirfara efni með tilliti til höfundaréttar og persónuverndarlaga
- Gera einföld handrit fyrir hljóðupptökur og myndskaið
- Beita góðri myndbyggingu, lýsingu og litum
- Skipuleggja smærri viðburði
- Beita röddinni og nota hljóðnema
- Beita líkamstjáningu á upptökum
- Nota tækni til að framleiða hljóð og mynd
- Birta efni opinberlega og streyma efni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta framleitt einfaldar hljóðupptökur og myndskleið
- Standa fyrir smærri viðburðum
- Koma fram með góðri raddbeitingu og líkamstjáningu
- Beita einfaldri tækni til að taka upp og birta myndskleið á stafrænu formi
- Birta efni opinberlega og streyma því

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd